

## 1094. stjórnarfundur VR

Haldinn fimmtudaginn 20. júní 2013, kl. 17:30 í Kringlunni 7 á 0. hæð

Mætt voru: Ólafía Björk Rafnsdóttir, Bjarni Þór Sigurðsson, Sigurður Sigfússon, Ásta Rut Jónasdóttir, Benedikt Vilhjálmsson, Benóný Valur Jakobsson, Birgir Már Guðmundsson, Guðrún Björk Hallbjörnsdóttir, Helga Ingólfssdóttir, Ingibjörg Ósk Birgisdóttir, Ólafía Ása Jóhannesdóttir, Páll Örn Líndal, Ragnar Þór Ingólfsson, Rannveig Sigurðardóttir, Kristjana Þorbjörg Jónsdóttir.

Einnig sat fundinn framkvæmdastjóri VR, Helga Árnadóttir

Formaður VR, Ólafía B. Rafnsdóttir, setti fundinn og kynnti nýjan stjórnarvef VR.

Dagskrá:

### 1. Fundargerðum síðustu funda, 1092 og 1093, dreift og þær samþykktar.

### 2. Jafnréttisstefna VR.

Formaður dreifði fylgiskjalinu, rekstrarhandbók VR. Jafnréttisstefna á skrifstofu. Samþykkt jafnréttisstefnunnar er skilyrði þess að VR fái jafnlaunavottun VR, en að því er stefnt. Um þennan lið urðu miklar umræður. Spurt var hvort laun væru í raun jöfn á skrifstofu VR. Líka var spurt hvar 3ja manna vinnuteymið, sem taka á m.a. eineltismálum, hefði verið á síðasta ári, og því haldið fram að á þeim tíma hefði sannarlega verið um einelti að ræða á skrifstofu VR. Helga Árnadóttir áréttaði að samkvæmt sérfræðialiti, sem unnið hefði verið fyrir VR, hefði ekki verið um einelti að ræða. Jafnréttisstefnan var síðan borin upp og samþykkt með öllum greiddum atkvæðum. Rannveig sat hjá.

### 3. Skjalastefna.

Formaður dreifði drögum að skjalastefnu VR, og lagði til að þau yrðu samþykkt. Fram kom í umræðum að skjalastefna hefur verið til staðar hjá VR, en hefur ekki verið samþykkt af stjórn. Einnig kom fram að senda ætti öll gögn sem eiga að vistast í skjalasafni VR til skjalastjóra VR. Borið upp og samþykkt samhljóða.

### 4. Styrkur til RSV

Frestað til næsta fundar.

### 5. Næstu skref í kjaraviðræðum.

Dreift var minnisblaðinu, kannanir í aðdraganda kjarasamninga 2013. Fram koma að Capacent könnun, unnin fyrir VR, var send út í 20. júní. Athugasemdir komu fram um framsetningu könnunarinnar og trúverðuleika svona kannanna yfirleitt. Það kom líka fram að önnur könnun yrði send út í haust. Kannanir væru eitt tæki af mörgum í verkalýðsbaráttunni.

Flestir stjórnarmenn tóku til máls undir þessum lið. Rætt var um trúnaðarráðsfundinn sem haldinn mánudaginn 10. júní. Fram kom að eftir fundinn var sendur tölvupóstur á trúnaðarráðið, þar sem spurt var: Hvaða 5 atriði vilt þú sjá í næstu kjarasamningum? Hvernig á að nálgast hinn venjulega VR félagsmann? Hugmynd um að halda opna félagsfundi, án langra framsöguerinda, þar sem félagsmenn geta tjáð skoðanir sínar. Einnig stungið uppá að stjórnin sæti fyrir svörum á slíkum fundum. Búa til litla hópa til að fjalla um kjarmál var líka til umræðu og að verk lýðshreyfingin væri breytt. Mælt var með að halda áfram með morgunverðarfundina og að reyna að virkja eldri félagsmenn og nýta okkur þekkingu þeirra og reynslu.

#### 6. Jafnlaunavottun – aukið framlag.

Lagt til að kr. 20.000.000 verði settar í verkefnið á þessu ári, til viðbótar upphaflegri kr. 50.000.000 áætlun. Nauðsynlegt að vita hvort frekari fjárveiting yrði samþykkt þó svo peningarnir yrðu ekki notaðir fyrr en á haustmánuðum. Mjög miklar umræður urðu um þennan lið þar sem fram komu m.a. efsemdir um áreiðanleika verkefnisins, en flestir voru sammála um jafnlaunavottunin væri VR til sóma að við ættum að halda áfram með verkefnið. Mörg fyrirtæki væru að fara í gegnum ferlið þessar vikurnar, til viðbótar þeim sem þegar hefðu fengið jafnlaunavottun VR. Þegar gengið var til atkvæðagreiðslu um tillöguna höfðu 3 stjórnarmenn yfirgefið fundinn, en af þeim 12 sem eftir sátu samþykktu 9 tillöguna en 3 sátu hjá.

#### 7. Trúnaðarmenn.

Listi með nýjum og endurkjörnum trúnaðarmönnum lagður fram og samþykktur.

#### 8. Önnur mál.

Höfuðborgarráðstefnan í Helsinki 11. – 13. júní 2013. Formaður VR og varaformaður ásamt Elíasi G. Magnússyni, fagstjóra kjaramála, sóttu ráðstefnuna fyrir hönd VR. Næsta ráðstefna verður í Stokkhólmi 12. – 14. júní 2014.

Spjaldtölvur fyrir stjórnarmenn. Formaður kynnti verðtilboð. Frestað að taka ákvörðun til haustsins en flestir meðmæltir því að VR skaffi stjórnarmönnum spjaldtölvur, til afnota við stjórnarstörf, sem þeir skili svo þegar þeir hætta stjórnarstörfum.

Fundi slitið kl. 21:00

Sigurður Sigfússon, fundarritari